

Fundargerð 59. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2020, föstudaginn 9. október kl. 08:30 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Gauti Jóhannesson, Baldur Smári Einarsson, Rebekka Hilmarsdóttir, Fannar Jónasson og Þorgeir Pálsson.

Að auki sat fundinn: Valgerður Freyja Ágústsdóttir sem ritaði fundargerð.

Liv Aase boðaði forföll á fundinn og var Þorgeir Pálsson boðaður í hennar stað.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Samtök sjávarútvegssveitarfélaga - aðalfundur 2020 - 2002001SU

Samkvæmt samþykktum samtakanna skal haldinn aðalfundur í september- eða októbermánuði annað hvert ár og skal haldinn á sléttum ártölum.

Á 56. stjórnarfundum þann 11. mars 2020 var eftirfarandi bókað:

"Ákvörðun tekin um að halda aðalfund samtakanna miðvikudaginn 30. september nk. Starfsmanni falið að sinna undirbúningi vegna hans."

Vegna þriðju bylgju COVID-19 faraldursins var ekki hægt að halda aðalfund á þeim tíma sem ákveðið var í vor.

Ákveða þarf nýja tímasetningu aðalfundar og form hans. Lagðir fram ársreikningar vegna 2018 og 2019. Lögð fram fjárhagsáætlun 2020-2022.

Samkvæmt samþykktum skal stjórn samtakanna leggja fram tillögu um árgjald aðildarsveitarfélaga fyrir aðalfund sem tekur ákvörðun.

Ákveðið að halda aðalfund samtakanna á fjarfundaformi þann 30. október nk. kl. 11:00. Ársreikningar 2018 og 2019 samþykktir. Tillaga stjórnar til aðalfundar að halda árgjaldi óbreyttu.

Fundi var slitið kl. 08:40

Gauti Jóhannesson

Baldur Smári Einarsson

Rebekka Hilmarsdóttir

Fannar Jónasson

Porgeir Pálsson